



Dagsetning: 27. febrúar 2025
Málsnúmer: 2502226/0.11

Til bæjarráðs

MINNISBLAÐ

um innleiðingu á kerfinu vaktin.com

Undirritaður, Ingvar Georg Georgsson, slökkviliðsstjóri slökkviliðs Fjarðabyggðar (FS) legg til að vaktin.com (dagbók) verði tekið upp hjá slökkviliðinu. Kerfið mun gjörbreyta öllum skráningum og utanumhaldi um vaktir, æfingar, útköll ásamt öðrum verkefnum sem SF tekur sér fyrir hendur. Í kerfinu er líka allt utanumhald á tímaskráningum allra starfsmanna sem eru í starfi hjá SF hvort sem það eru hlutastarfandi eða atvinnumenn og mun tengjast við Vinnustund. Varðstjóri hvernar vaktar mun skrá í dagbókina hverjir eru hvar og hvenær á vakt, hvenær þau fara í útköll o.s.frv. Slökkviliðsstjóri (eða hans næstráðandi) mun síðan fara yfir skráningarnar og fylgjast með því að þær séu réttar. Í kerfinu er hægt að kalla fram alla tölfraði sem tengist SF. Þetta mun auðvelda allt utanumhald og gera skráningar öruggari. Kerfið hefur verið notað og verið í þróun síðan 2013

Kostnaður við kerfið án vsk:

Uppsetningargjald: 745.000 kr. sem greiðist við upphaf verkefnis.
Mánaðargjald: 175.000 kr.
Innifalið:
Leyfi fyrir 5 stöðvar.
Leyfisgjöld vegna rafrænna skilríkja frá Auðkenni ehf.
Hýsing í Microsoft Azure.
Dagleg afritun gagna.
3 tímar í vinnu, flytjast ekki á milli mánaða.
Fast verð pr. mánuð í 36 mánuði frá upphafi verks.
Verð endurskoðist að þeim tíma loknum.

Kerfið kemur til með að stuðla að hagkvæmni í rekstri og talnafræði vegna samninga um s.d. sjúkraflutninga verður einfaldari sem skapar vinnusparnað og gegnsæi í flutningum og útköllum verður meira.

Með von um jákvæðar undirtektir,

Ingvar Georg Georgsson
slökkviliðstjóri

